

Nd.

217. Frumvarp til laga

um tunnusmiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði, þegar rannsókn hefur leitt í ljós, að tunnusmiði hér á landi er samkeppnisfær við erlenda tunnuframleiðslu bæði hvað verð og gæði snertir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða taka á leigu tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði og starfrækja þær.

3. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 3 millj. króna.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi lóðir, hús og önnur mannvirki vegna tunnuverksmiðjanna.

5. gr.

Tunnur þær, er tunnuverksmiðjur ríkisins framleiða, skulu seldar sildarsaltendum

6. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og stjórn tunnuverksmiðjanna svo og um annað, er þurfa þykir, skulu sett með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Tilgangur frumvarps þessa er sá fyrst og fremst að fyrirbyggja, að sú framleiðsla sildartunna, sem fram fór hér á landi fyrir stríð, falli niður. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir, að rannsakaðir verði til hlítar möguleikar til smíði sildartunna hérlendis, er geti verið samkeppnisfær við erlenda framleiðslu bæði hvað snertir verð og gæði, og heimilar ríkisstjórninni að ráðast í framkvæmdir, ef svo reynist.

Rök þau, sem liggja að því að hefja á ný tunnusmiði á Íslandi, eru margháttuð. Fyrstu og þýðingarmestu rökin eru þau, að með öðru móti verða ekki útvegaðar nægilega margar tunnur. Á s.l. sumri hefði tunnuskortur takmarkað söltun, ef vertíðin hefði verið í meðallagi. Möguleikarnir fyrir því að geta fengið tilbúnar síldartunnur eru mjög litlir. Að því er virðist er auðveldara að afla tunnuefnis, ef hægt er að vinna úr því hér á landi. Innlend tunnusmiði er því eins og nú standa sakir skilyrði fyrir því, að hægt verði að afla nægilegs fjölda tunna.

Íslendingar geta gert sér góðar vonir um markað fyrir saltaða síld, einkum í Svíþjóð og í Mið-Evrópu, og mega ekki glata þeim tækifærum vegna tunnuskorts.

Það er ekki óeðlilegt, að þjóðin stefni að því að smíða sjálf allar síldartunnur sínar. Það mundi gera þjóðina miklu óháðari, þegar til þess kemur að selja síldina. En auk þess veitir tunnusmiðin mikla atvinnu inn í landið, og er það kannske veigamesta atriðið. Á Norðurlandi er aðalvinnutímabilið blásumarið og stendur oft ekki nema nokkra mánuði. Alla aðra tíma ársins er meira og minna atvinnuleysi og það á tímum, þegar nóg atvinna er sunnanlands. Þetta vetraratvinnuleysi norðanlands er ákaflega þreytandi fyrir fólkið, enda er nú svo komið, að stöðugt fleira fólk gefst upp á þessu og flytur burt. Tunnusmiðin bætir mikið úr þessu tilfinnanlega vetraratvinnuleysi norðanlands, og þegar svo er komið, að allar tunnur, sem notaðar eru í landinu, verða smíðaðar hér, hefur stór hópur manna örugga ársatvinnu, sem nú verður að sætta sig við að ganga að mestu atvinnulaus allan veturinn.

Með innlendri tunnusmiði á að vera hægt að tryggja það, að tunnur þær, sem saltað er í hér á landi, verði yfirleitt eingöngu 1. flokks, en sem kunnugt er, hefur mikið skort á, að svo væri. Hingað hafa flutzt tunnur úr ýmsum áttum, mjög mismunandi að gæðum og stærð og oft hreinasta rusl. Þetta hefur vitanlega haft sín áhrif á gæði saltsíldarinnar og gert erfiðara fyrir í samkeppninni við aðrar þjóðir.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti fram fara ýtarlega rannsókn á möguleikum fyrir því, að innlend tunnuframleiðsla geti staðið algerlega jafnfætis erlendri tunnusmiði. Að lokinni þeirri rannsókn og ef árangur hennar verður jákvæður, er ríkisstjórninni heimilað að reisa á tveim stöðum fullkomnar tunnuverksmiðjur. Þessir staðir eru valdir af mjög eðlilegum ástæðum. Á þessum stöðum hafa verið starfræktar tunnuverksmiðjur, þó ófullkomnar séu, og því nokkuð til af vonum tunnugerðarmönnum. Auk þess er Akureyri samgöngumiðstöð Norðurlands og því góð aðstaða til flutnings á tunnum til söltunarstöðvanna, enda liggja margar söltunarhafnir við Eyjafjörð. Hvað Siglufjörð áhrærir, þá er hann aðal-söltunarstaður landsins, og þær tunnur, sem þar yrðu smíðaðar, eru notaðar á staðnum.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geri þegar ráðstafanir til þess að hefja starfrækslu tunnuverksmiðjanna, sem nú eru á Akureyri og Siglufirði. Hvort þær verða keyptar eða leigðar, fer eftir því, hvað um semst við eigendur. Nú er til tunnuefni í um 20 þús. tunnur, og er því hægt að hefja starfrækslu þeirra mjög fljótt. Þá mun og verða reynt að afla tunnuefnis, til þess að hægt sé að halda rekstrinum áfram í vetur.

Um 3.—7. gr.

Þurfa ekki skýringa.